

Sumarið er (tónlistarhátíðar)-tíminn

● Tónlistarhátíðir njóta vinsælda að sumri til, hérlandis sem erlendis ● Þessi geiri tónlistariðnaðarins hefur eflst mikið á undanförunum árum ● Dagskrá ATP á Ásbrú í ár er sérlega tilkomumikil

TÓNLIST

Arnar Eggert Thoroddsen
arnareggert@arnareggert.is

Um næstu helgi verður tónlistarhátíðin All Tomorrow's Parties haldin öðru sinni í Ásbrú, Keflavík, en pistilhöfundur hefur aldrei barið jafn tilkomumikla dagskrá augum hvað íslenska tónlistarhátíð varðar. Ég man að ég var orðlaus þegar ég sá þetta, maður er vanur að sjá tvo, þrjá risa og svo slatta af „áhugaverðum“ böndum – annaðhvort gildandi listamenn sem mega þó muna fífil sinn fegri eða óþekkt unglóð löðrandi í nýja-brumi. Og ekkert að því. En í þetta sinn virtist risaupptalningin aldrei ætla að hætta. Interpol, Portishead, Mogwai, Swans, Low, Kurt Vile ... og svo framvegis! Og svo tengir hátíðin inn í Neil Young-tónleika sem fara fram nú á mánudaginn. Jamm ... detta mér allar dauðar lýs ...

Dýrð

Á vissan hátt er þessi dýrð táknræn um viðgang og vöxt tónlistarhátíða heilt yfir hin síðustu ár. Við höfum þurft að þola svartagallsraus frá fulltrúum iðnaðarins í áratugi um minnkandi sölu tónlistar en slíku er þó ekki hægt að snúa upp á tónleika. Tekjur af slíku hafa aukist jafnt og þétt hin síðustu ár og samfara því hafa verið miklar hræringar í tónlistarhátíðabransanum. Hræringar segi ég, því að ekki er hægt að tala um beina línu upp á við, og þannig fóru nokkrar tónlistarhátíðir á hausinn hér í Bretlandi fyrir tveimur árum. En virknin er mikil, geirinn er „sprelllifandi“ að því leytnu til og nýjar hátíðir spretta upp eins og gorkúlur á meðan aðrar falla í valinn, sumar sérhæfðar (þjóðlagatónlist, raftónlist, þungarokk o.s.frv.) og stærri hátíðir eins og Hróarskelda, Glastonbury og Coachella hafa treyst sig í sessi. Undanfarnar vikur hafa blöðin hérna úti t.d. nærst vel á þeirri staðreynd að



AFP

Mergð Mannhaf mikið á Glastonbury. Hátíðin, sem fer fram á Englandi, er ein stærsta tónlistarhátíð í heimi. Metallica var aðalsveit hátíðarinnar í ár.

Metallica lék á Glastonbury sem eitt aðalnumerið (en ekki hvað). Þær hártoganir allar, eins og hjánalegar og þær hafa annars verið, færa heim sanninn um hið mikla gildi sem tónlistarhátíðir hafa í dag, og þá ekki bara hjá tónlistarnerðinum heldur líka hjá meðaljónum.

Sérkenni

Þegar ég var reglulegur gestur á Hróarskeldu á fyrsta áratug aldarinnar varð mér ljóst hið fjölþætta hlutverk tónlistarhátíða. Tónlistin er aðeins einn þáttur af upplifuninni og aðalmálið var „andinn“. Það skipti ekki máli hvort þessi, hinn eða Metallica voru að spila heldur einstæð stemningin – en henni er erfitt að koma í orð – sem lék um mann.

Tónlist var allt um kring en einnig vinir, matur, uppákomur, fíflalæti, sögur, partí, samtöl, ferðalagið á hátíðina, brölt í tjaldi og þessi skrítni gaur þarna sem þú sérð ár eftir ár á hátíðinni. Hróarskelda hafði þannig gildi í sjálfu sér. Þessi eiginleiki á við um fleiri hátíðir; ég nefni t.d. Eistnaflug og G! hátíðina í Færeyjum, þar sem ég hef reynslu af þeim, en báðar búa yfir sérkennum sem heilla og draga að sama fólkið ár eftir ár.

Emma Webster, sem er ein af rannsóknarteyminu sem stendur á bakvið verkefnið Live Music Exchange (<http://livemusicexchange.org/>), lýsir lítili samanburðarrannsókn sem hún gerði á tveimur tónlistarhátíðum og nefnir þar ým-

» Tónlist var allt um kring en einnig vinir, matur, uppákomur, fíflalæti, sögur, partí, samtöl, ferðalagið á hátíðina, brölt í tjaldi ...

islegt sem prýða ætti góðar hátíðir. Tíltækur hún m.a. „vínalega“ öryggisgæslu og mikilvægi þess að hafa sémilega litríkan og skemmtilegan umbúnað um hátíðina. Rannsóknir sýni einmitt að fólk sækir hátíðir ekki eingöngu vegna tónlistarinnar og vandvirkni hvað aðra þætti varðar ýti venjulega undir aðsókn og gott umtal. Á vefsíðu þessa verkefnis má

finna fleiri greinar um eðli og eiginindir tónlistarhátíða en rannsakendur vinna m.a. að ritverki um sögu tónleikamenningar í Bretlandi.

Þörf

Rapparin Murs, sem rak hipp-hopphátíðina Paid Dues í Los Angeles, segir vaxandi vinsældir hátíða ganga í takt við aukna tæknivæðingu samfélagsins. „Fólk sendir sms, fer á skap en kíkir ekki í heimsókn hvað til annars. Við erum hætt að snerta hvert annað,“ sagði hann í spjalli við *L.A. Weekly*. „Fólk sækir í hátíðir til að sinna þessari náttúrulegu þörf fyrir samkennd og félagskap sem tæknin lokar alla jafna á.“

Hippaleg lokaorð en algerlega við hæfi. Góða skemmtun í sumar!



Ljósaskipti Sólarlag við Tjörnina, málverk eftir Þórarín B. Þorláksson frá árinu 1905, eitt þeirra verka sem sjá má á sýningu Listasafns Íslands.

Í ljósaskiptunum í Listasafni Íslands

Sýningin *Í ljósaskiptunum* verður opnuð í dag í Listasafni Íslands. Sýningin tekur mið af þeim magnaða hluta sólarhringsins þegar hvorki er dagur né nótt, eins og segir í tilkynningu. „Eftir því sem lönd liggja nær norður- eða suðurheimskaufinu lengist sá tími sem það tekur sólin að rísa og setjast. Á slíkum stöðum geta ljósaskiptin varað lengi og varpað tvíráðri birtu yfir umhverfið. Skammtdegð lengir ljósaskiptin til muna svo að dagsbirtan verður vart nema nokkurra stunda skíma, sem varpar löngum skuggum.

Listamenn allra alda hafa laðast

að og unnið með hið dulmagnaða bil er birtuskil, veðrabrigði og fasa-skipti lands eru sem örúst. En ljósaskiptin hafa einnig áhrif á aðrar verur en mannfólkið og móður náttúru; andstæður sólarljóss og dagsbirtu eru nóttin og myrkrið og þá fara kynjaverur á kreik,“ segir m.a. í tilkynningu. Sýningunni sé ætlað að gefa innsýn í könnunarferli og vangaveltur íslenskra listamanna um ljósbrót, leik ljóss og skugga í náttúrunni og áhrif ljósbragða á litróf umhverfisins. Öll verk sýningarinnar eru eftir íslenska listamenn, í eigu safnsins og frá árunum 1900 til 2013.

Lágvöruverðsverslun
með gæludýravörur

Gæludýr
velkomín

gæludýr.is

Einfaldlega ódýrari

Korputorgi · Smáratorgi
www.gaeludyr.is · 568 6688

Vaxtalaugar
afborganir með
greiðslukorti

Frí heimsending á
höfuðborgarsvæðinu
og á Akureyri

Sendum um
land allt í
póstkröfu

gaeludyr.is er
alvöru netverslun
sem virkar